

Ed.

374. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 5. mgr. 16. gr. laganna (Hver fastanefnd ... fundaskrifara) bætist: Heimilt er fastanefnd, ef henni þykir þess þörf, að kjósa sér varaformann.

2. gr.

Síðari másl. 2. málsgr. 18. gr. laganna skal orða svo: Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

3. gr.

- a. Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 3. másl. fyrri málsgr. 19. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.
- b. Fyrir „fjórum vikum“ í 4. másl. sömu málsgr. laganna kemur: átta vikum.
- c. Orðið „óskipt“ í síðari málsgr. sömu lagagr. fellur niður.

4. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 22. gr. laganna kemur: einni nóttu.

5. gr.

Fyrir orðin „tveim nóttum“ í 23. gr. laganna kemur: einni nóttu.

6. gr.

Fyrir orðin „liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur“ í 4. másl. fyrri málsgr. 25. gr. laganna kemur: liðin er að minnsta kosti ein nótt.

7. gr.

Fyrir orðin „2 nóttum“ í 1. málsgr. 26. gr. laganna kemur: einni nóttu.

8. gr.

2. málsgr. 29. gr. laganna orðist svo:

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.). Fyrri umræða, ef tvær eru, fer fram eins og 1. umræða lagafrumvarpa (21. gr.), en síðari umræða á sama hátt og 2. umræða (22. gr.).

9. gr.

Fyrir 2. og 3. másl. 3. málsgr. 32. gr. laganna koma þrjú másl., svo hljóðandi: Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild, og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.

10. gr.

34. gr. laganna skal orða svo:

Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarps- umræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.

11. gr.

Aftan við 2. málsgr. 35. gr. laganna bætist: sbr. þó næstu málsgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 37. gr.

12. gr.

Fyrir orðin „ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna eru“ í 42. gr. laganna kemur: að $\frac{2}{3}$ fundar- manna séu.

13. gr.

a. Fyrsta málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar deildar eftir ályktun hennar, er 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í sameinuðu þingi, er 9 þingmenn krefjast þess.

b. Fyrir orðin „ef þá er farið“ í upphafi 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: Ef farið er.

14. gr.

a. Fyrir orðið „þingmanna“ í 1. másl. 1. málsgr. 44. gr. laganna kemur: þing- deildarmanna.

b. 4. og 5. málsgr. sömu lagagr. falla niður.

15. gr.

Fyrir orðið „konunginn“ í 1. másl. 63. gr. laganna kemur: forseta Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.